

REGLUR UM ÚTLÁN SAFNGRIPA ÚR ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS

11. gr.

Flutningur safngripa til útlanda

Samkvæmt safnalögum er heimilt að lána safngripi til útlanda á sýningar og til rannsókna enda uppfylli lánþegi skilyrði um aðstöðu á sýningarstað.

Um meðferð og afgreiðslu á safngripum til útlanda gilda sömu reglur og um önnur útlán að viðbættu eftirfarandi:

- Þegar starfsmenn og yfirstjórn Þjóðminjasafns hafa samþykkt lán á safngripum til útlanda þá skal ákvörðunin kynnt safnaráði sem samþykkir hana eða synjar.
- Þegar fyrir liggur samþykkt safnaráðs skal menntamálaráðuneyti skrifa bréf með ósk um heimild til útflutnings. Í því skal greina frá hver lánþegi er, hversu langur útlánatíminn er og hvernig gripir eru fluttir milli landa.
- Veiti ráðuneytið leyfi fyrir sitt leyti þá er afrit af bréfi þess látið fylgja með nauðsynlegum gögnum svo sem tollskýrslu.
- Vegna útflutnings er eðlilegt að kaupa þjónustu flutningsfyrirtækis, bæði um gerð nauðsynlegra skýrslna, um pökkun og flutning á flugvöll eða að skipshlið, eftir því sem við á.
- Þegar safngripir eru fluttir milli landa skal fylgja þeim sendimaður safnsins eða fulltrúi lánþega sé um það samið. Sendimaður hefur meðferðis útflutningsskjöl eða afrit af þeim. Skal hann jafnan, nema þegar því er alls ekki viðkomið, ferðast með sömu flugvél og gripirnir eru fluttir með.
- Þegar gripir eru fluttir sjóleið er ekki mögulegt að sendimaður fylgi með en þá skal flutningsfyrirtækið sem annast flutning sjá til þess að móttaka á aðfangastað sé með öruggum hætti, það er að viðurkennt flutningsfyrirtæki veiti sendingunni viðtöku í samvinnu við lánþega.
- Þegar gripir eru fluttir aftur til landsins skal leitað til flutningsfyrirtækisins sem annast alla nauðsynlega pappírsvinnu og flutning í safnið aftur.